

Þetta brot kærðs varðar við 6. gr. og 15. gr., sbr. 30. gr. og 33. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi og 500 króna sekt til Menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 25 daga einföldu fangelsi. Vegna ungs aldurs kærðs þykir rétt að fullnustu fangelsisrefsingarinnar sé frestað og hún falli niður ef skilorð laga nr. 39, 1907 eru haldin.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærður, Ólafur S. H. Jóhannsson, kr. 50.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Brynjólfs Árnasonar, málafærslumanns. Að öðru leyti greiðist hann af kærðum in solidum.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Föstudaginn 8. nóvember 1935.

Nr. 93/1935. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Margréti Bjarnheiði Þorsteinsdóttur

(Eggert Claessen).

Ólögleg áfengissala.

Dómur lögreglu réttar Reykjavíkur 15. júní 1935: Kærð, Margrét Bjarnfríður Þorsteinsdóttir, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga.

Hún greiði og 2000 króna sekt til rikissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 80 daga.

Loks greiði kærð allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Theodórs B. Lindal hrm., er ákveðst 50 kr.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Vitnið, Jónas Jónasson, skósmiður, skýrir svo frá, að hann hafi þriðjudagskvöldið 16. apríl þ. á. farið vestur í bæ og staldrað þar við hjá nafngreindum manni. Þegar vitnið fór heimleiðis, hafi verið farið að líða að miðnætti. Hafi hann gengið austur með höfninni. Rétt hjá kolakrananum hafi hann hitt fjóra menn, sem hann hafi þá ekki þekkt með nafni. Kveðst hann þá hafa verið lítið eitt undir áhrifum áfengis og gefið sig á tal við menn þessa, en þeir buðu honum að „splæsa“. Kveðst hann fyrst hafa verið tregur, en hafi þó látið tilleiðast, þegar einn nefndra manna, sem hann fékk síðar að vita, að heitir Magnús Einar Sigurbjörnsson, sagðist geta útvegað brennivínsflösku á 7.00 krónur. Fékk nú vitnið vitneskju um, að enginn manna þessara hafði peninga, samt kveðst hann hafa látið tilleiðast, og hafi þeir farið á Litlu bílstöðina og fengið þar bíl, og hafi bílstjórinn Gunnar Sigurjónsson ekið. Magnús Einar Sigurbjörnsson réð ferðinni og var haldið vestur á Sellandsstíg, en þar bjó þá kærða í máli þessu. Kveðst vitnið ekki hafa viljað afhenda Magnúsi Einari peninga til áfengiskaupa, og varð það þess vegna úr, að þeir fóru báðir inn í kjallara hússins nr. 32 við Sellandsstíg. Kveðst vitnið nú hafa beðið á ganginum, meðan Magnús fór inn og hafði tal af fólki. Litlu síðar hafi komið kona, sem vitnið kveður vera kærðu í máli þessu, með brennivínsflösku óátekna. Að beiðni Magnúsar Einars hafi hún fallizt á að selja þeim brennivínsflöskuna á 7.00 krónur, og kveðst vitnið hafa greitt andvirðið. Hafi Magnús Einar tekið við flöskunni af kærðu og fengið síðan vitninu hana. Hafi flaskan verið tekin upp í bifreiðinni og þeir allir neytt úr henni. Ekki kveðst

vitnið hafa þekkt þá þrjá menn, sem voru með þeim Magnúsi Einari í bifreiðinni. Framburð þenna hefir Jónas Jónasson staðfest með eiði. Magnús Einar Sigurbjörnsson mætti sem vitni í lögregluréttinum 26. apríl þ. á. Var framburður hans þá í öllu verulegu samhljóða framangreindum vitnisburði Jónasar Jónassonar. Í réttarhaldi 29. s. m. neitaði hann að staðfesta framburð sinn með eiði, bar hann því við, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, þegar atburðir þeir gerðust, sem hann bar vitni um, og gæti hann þess vegna húizt við, að eitthvað hefði skolast til í minni sínu, en eftir því sem hann myndi bezt, hafi vinkaup þeirra Jónasar farið fram, eins og greinir í fyrra framburði hans. Vitnið Gunnar Sigurjónsson ber, að hann hafi umrætt kvöld ekið Jónasi Jónassyni skósmið og Magnúsi Einari Sigurbjörnsyni ásamt þremur mönnum öðrum neðan frá Litlu bílstöðinni og að húsinu nr. 32 við Sellandsstíg. Heyrði vitnið, að rætt var um það í bilnum að afla vins, og heldur vitnið, að tilætlunin hafi verið að ná í vín í húsinu nr. 32 við Sellandsstíg. Hafi þeir Jónas og Magnús Einar farið heim að nefndu húsi. Kærð hefir harðlega neitað að hafa selt umrædda brennivinsflösku. Að vísu hefir vitnið Magnús Einar Sigurbjörnsson ekki viljað staðfesta framburð sinn með eiði, en með því að framburður bílstjórans Gunnars Sigurjónssonar, bilkeysrslan vestur á Sellandsstíg, en viðurkent er, að erindið þangað hafi verið að afla vins, og yfirleitt allur aðdragandinn styrkir eindregið vitnisburð þeirra Jónasar og Magnúsar Einars, þá verður það að teljast sannað, að kærð hafi selt í téð skifti hina umræddu brennivinsflösku. Brot kærðu ber að heimfæra undir 15. sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935. Með hliðsjón af því, að

brotið var smáfelt og hagnaður litill eða enginn, þyk-
 ir refsingin hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við
 venjulegt fangaviðurværi og 500.00 króna sekt til
 Menningarsjóðs, sem afplánist með einföldu fangelsi
 í 25 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá
 birtingu dóms þessa. Samkvæmt þessu ber að stað-
 festa ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í
 héraði og dæma kærðu til að greiða allan áfrýjunar-
 kostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun
 sækjanda og verjanda í hæstarétti, 60.00 krónur til
 hvors.

Rannsókn og meðferð máls þessa í héraði er veru-
 lega ábótavant. Meðal annars er það aðfinnsluvert,
 að ekki hefir verið leitað frekari vitneskju um vín-
 neyzlu vitnanna Jónasar Jónassonar og Magnúsar
 Einars Sigurbjörnssonar áður en þeir gerðu vín-
 kaupin við kærðu, að vitninu Magnúsi Einari Sigur-
 björnssyni hefir ekki verið bent á, að hann ætti að-
 eins að vinna eið að því, að framburður hans væri
 gefinn samkv. beztu vitund og eftir því sem hann
 myndi bezt, að bílstjórinn Gunnar Sigurjónsson
 hefir ekki verið spurður um, hvort hann hafi orðið
 var við vinneyzlu í bilnum eftir að þeir Jónas og
 Magnús Einar höfðu heimsótt kærðu, og að ekki
 hefir verið reynt að kalla þá þrjá menn, er tóku þátt
 í bilförinni vestur á Sellandsstíg, fyrir rétt og spyrja
 þá um síðast nefnt atriði, að vitneskju hefir ekki
 verið leitað um samband það er ætla má að sé milli
 Magnúsar Einars Sigurbjörnssonar og kærðu, að-
 ekki hefir verið leitað vitneskju um vínúttekt kærðu
 í áfengisverzluninni, hvað verðið hafi verið á um-
 ræddri flösku í áfengisverzluninni, hvort verðmiði
 hafi verið á flöskunni, hvernig búið hafi verið um
 tappann á henni, þar eð hún var talin óátekin. Loks

er það að athuga, að undirdómarinn hefir ekki lagt fram fæðingarvottorð kærðu og að hann hefir dæmt hana til að greiða sekt í rikissjóð í stað Menningar sjóðs, eins og ákveðið er í 41. gr. áfengislaganna.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Margrét Bjarnfriður Þorsteinsdóttir, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði 500.00 króna sekt í Menningarsjóð, sem afplánist með 25 daga einföldu fangelsi, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæðum hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði skal óraskað. Kærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflytningu mannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Theódórs B. Lindal, 60.00 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn frú Margréti Bjarnfriði Þorsteinsdóttur, til heimilis Sellandsstíg 32, hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 1935, og eru málavextir þeir, er hér greinir:

Hinn 24. apríl s. l. gaf Jónas Jónasson, skósmiður, Laugavegi 91 A hér í bæ, lögreglunni skýrslu um að hann hefði hinn 16. sama mán. keypt eina flösku af brennivíni af konu, sem kölluð var „amma gamla“ og átti heima á Sellandsstignum. Með honum var þegar kaupin fóru fram maður að nafni Magnús Einar Sigurbjörnsson, Laugavegi

24 hér í bæ. Þennan framburð sinn hélt hann síðar við fyrir rétti og staðfesti hann með eiði sinum.

Nánari frásögn vitnisins er á þá leið, að það hafi verið á leið heim til sín, lítið eitt undir áhrifum áfengis. Hitti það þá á leiðinni Magnús ásamt nokkrum öðrum mönnum og urðu þeir ásáttir um að fá sér áfengi. Kvaðst Magnús geta útvegað það, en vitnað ætlaði að leggja til peningana með því að hinir voru félausir. Fengu þeir síðan bifreið og fóru vestur á Sellandsstíg, að tilvísun Magnúsar. Vitnið fór með Magnúsi inn í hús það, er stoppað var við, með því að það þorði ekki að sleppa við hann peningunum. Töluðu þeir þá við konu, sem vitnið hefir þekkt, að var kærð í málinu, og föluðu af henni áfengi. Seldi hún Magnúsi flöskuna í ásýnd vitnisins og fékk vitnið þá Magnúsi peningana og hann síðan kærðri.

Þegar Magnús Einar var leiddur fyrir rétt gaf hann í fyrstu samhljóða vitnisburð og Jónas. Viðurkenndi hann að þeir hefðu keypt 1 flösku af brennivíni af kærðri og nafngreindi bifreiðarstjórnann er þá hafði flutt. Var það Gunnar Sigurjónsson, Framnesvegi 26 hér í bæ. Hefir hann borið, að hann hafi séð þá Jónas og Magnús ganga úr bifreiðinni að húsi kærðrar og heyrði að þeir ræddu um það í bifreiðinni að ná í áfengi.

Kærð hefir með öllu neitað að hafa selt hér umrætt eða annað áfengi.

Þegar átti að eiðfesta vitnin neitaði Magnús Einar að staðfesta framburð sinn. Kvaðst hann nú hafa verið undir áhrifum áfengis, þegar umrædd kaup fóru fram, og geti því verið að eitthvað hafi skolazt til í minni sínu. Þó hélt hann því fram, að sinn fyrri framburður væri réttur, eftir því sem hann bezt myndi.

Kærð hefir áður orðið sek við áfengislöggjöfina svo kunnugt sé, sem hér segir:

- 1932 ½ undirgekkst hún í lögreglurétti Reykjavíkur að greiða 600 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1933 2% dæmd í lögreglurétti Reykjavíkur til þess að greiða 1000 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Dómurinn staðfestur í hæstarétti.

Með framangreindum vitnaframburði eru að áliti réttarins framkomnar nægilega sterkar líkur fyrir sekt kærðr-

ar. Varðar brot hennar við 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaganna. Refsing hennar þykir hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 80 daga. Þá greiði kærð og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Theodórs B. Lindal, hrm., er þykja hæfilega ákveðin 50 kr.

Á málinu hefir orðið nokkur dráttur, er stafar af annriki dómars.

=====
 Miðvikudaginn 13. nóv. 1935.

Nr. 19/1935. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Guðna Jóni Bæringssyni
 (Eggert Claessen).

Ólöglegt áfengi í vörzlu.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 11. dez. 1934: Kærði, Guðni Jón Bæringsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir verið aflað nýrra upplýsinga í máli þessu samkvæmt úrskurði hæstaréttar frá 8. apríl þ. á.

Við leit í húsnæði kærða 1. des. f. á. fundust 125 hálfansannarspelaflöskur í salernisklefa undir stiga. Kærði kveðst að visu hafa bruggað áfengi þetta í söluskyni, en hann hefir jafnframt haldið því fram,